

Stj.tíð. B, nr. 524/1975.

Auglýsing um friðlýsingu Kringilsárrani, Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Kringilsárrani í Norður-Múlasýslu og er svæðið friðland.

*Mörk svæðisins eru:*

Að vestan Kringilsá, að austan Jökulkvísl og Jökulsá á Brú, að sunnan frambrún Brúarjökuls.

**Reglur þessar gilda um svæðið:**

- Þar er hreindýrafriðland og hreindýraveiðar bannaðar.
- Umferð vélknúinna farartækja um svæðið er óheimil nema með leyfi [Umhverfisstofnunar].
- Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf að þarflausu.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson**

*Birgir Thorlacius.*